

14. tbl.

03. apr. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Héraðsmót HSP í skák 2023

fer fram laugardaginn 8. apríl kl 14:00

í félagsheimilinu Skjólbrekku í Mývatnssveit.

Tefldar verða 7 umferðir eftir swiss-kerfinu (monrad) með 10 mín + 5sek/leik í umhugsunartíma.

Mótið verður reiknað til Fide-atskákstiga.

Áætluð mótslok eru um kl 17:00.

Mótið er öllum áhugasömum opið og skráning í það fer fram hjá Hermanni í síma 8213187 eða á lyngbrekku@simnet.is. Einnig verður hægt að skrá sig til leiks á mótsstað, í síðasta lagi kl 13:55 á keppnisdegi.

Þátttökugjald er 2.000 krónur en 1.000 kr fyrir 16 ára og yngri. Ath. Það verður ekki posi á staðnum.

Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu og sigurvegarinn fær að auki farandbikar til varðveislu.

Páskaegg verða í verðlaun í yngri flokki


Skákfélagið Goðinn



Sviðsstjóri fjármála & framkvæmda

Viltu vinna að spennandi verkefnum allt í kringum Vatnajökul? Vatnajökulspjóðgarður óskar eftir að ráða sviðsstjóra fjármála og framkvæmda. Viðkomandi ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri og áætlanagerð og situr að auki í stjórnendateymi Vatnajökulspjóðgarðs. Þjóðgarðurinn býður góða starfsaðstöðu víðsvegar um landið þar sem samheldinn og fjölbreyttur hópur starfar en starfið er auglýst óháð staðsetningu.

Nánari upplýsingar er að finna hjá Hagvangi.
Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl 2023.



ÞORRABLÓTSGESTIR

Á þorrablóttinu í Ljósvetningabúð í febrúar s.l. var frakki Þórhalls Bragasonar í Landamótsseli horfinn úr fatahenginu þegar við fórum heim. Þetta er sparifrakki Þórhalls, ullarfrakki, síður, svarblár að lit. Vönduð, stór og góð flík. Ef einhver hefur óvart tekið frakkann og farið í honum heim -og kannski ekki litið í fataskápinn síðan?--Með von um að auglýsingin beri árangur.

Þórhallur í síma 864-8308, Helga í síma 894-3950.

Skólar Þingeyjarsveitar



auglýsa eftir starfsfólki næsta vetur.

Fjölbreytt störf í boði í leik- og grunnskólum
sveitarfélagsins.

Sjá nánari upplýsingar

á heimasíðu Þingeyjarsveitar: www.thingeyjarsveit.is

Messur og viðburðir framundan í Laufásprestakalli austan Vaðlaheiðar.

7. apríl föstudagurinn langi.

Föstuganga/sjá nánar á fb-síðu
Laufásprestakalls

10. apríl kl.11.00

Hátíðarguðsþjónusta í Lundarbrekkukirkju

10. apríl kl. 14.00

Páskaguðsþjónusta með almennum
safnaðarsöng í Þorgeirskirkju

10. apríl kl.16.00

Páskaguðsþjónusta með almennum
safnaðarsöng í Hálskirkju

Sr. Hafdís Davíðsdóttir

Aðalsafnaðarfundur Ljósavatnssóknar

Verður haldinn í safnaðarheimili Þorgeirskirkju
Mánudagskvöldið 17. apríl nk. kl. 20:30.
Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd.

Aðalfundur Kvenfélags Aðaldæla 2023

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Dalakofanum
laugardaginn 8. apríl kl 11.

Dagskráin verður með hefðbundnu sniði og
pizzuveisla að fundi loknum.

Nýjar konur velkomnar.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórn Kvenfélags Aðaldæla.